

Nd.

348. Frumvarp til laga

[162. mál]

um breyting á lögum nr. 50 23. júní 1933, um útflutning hrossa.

Frá landbúnaðarnefnd.

1. gr.

1. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðuneytið hefur í samráði við Búnaðarfélag Íslands yfirumsjón með útflutningi hrossa og markaðsöflun fyrir hross erlendis.

2. gr.

2. gr. laganna orðist svo:

Útflutningshross skulu eigi vera eldri en 12 vetra. Útflutningur á kynbótahestum og kynbótahryssum er óheimill, nema til komi leyfi atvinnumálaráðherra hverju sinni og að fengnum meðmælum Búnaðarfélags Íslands, enda mæli sérstakar ástæður með slíkum útflutningi.

Á tímabilinu frá 15. desember til 1. júní er óheimilt að flytja hross á erlendan markað. Þó má leyfa útflutning á tömdum eldishrossum á þessu tímabili að fengnu samþykki og meðmælum þeirra aðila, er áður greinir.

3. gr.

a. 2. másl. 3. gr. laganna falli niður.

b. Fyrir orðið „skoðunarmenn“ í upphafi 3. másl. sömu lagagr. komi: dýralæknar.

4. gr.

Orðin „eða öðrum eftirlitsmanni, sem atvinnumálaráðherra kann að hafa falið eftirlit með hrossaútflutningi (sbr. 3. gr.)“ í 1. másl. 4. gr. laganna falli niður.

5. gr.

Orðin „(eftirlitsmanni)“ og „glaseygð“ í 5. gr. laganna falli niður.

6. gr.

Orðið „(eftirlitsmanni)“ í 6. gr. laganna falli niður.

7. gr.

8. gr. laganna orðist svo:

Atvinnumálaráðherra setur, að fengnum tillögum Búnaðarfélags Íslands, yfir-dýralæknis og Dýraverndunarfélags Íslands, reglugerð um útflutning hrossa, þar sem nánar er tekið fram um útbúnað skipa og flugvéla, er annast útflutning hrossa, stærð þeirra og ganghraða, fóðurbirgðir, vatnsbirgðir, loftræstingu, hirðingu hrossa í skipinu og annað það, er máli skiptir fyrir öryggi og góða líðan hrossanna, meðan á flutningi stendur.

8. gr.

9. gr. laganna orðist svo:

Brot gegn lögum þessum og reglum þeim, er settar kunna að verða samkvæmt þeim, varða sektum frá 2000—20000 kr., sem renna í ríkissjóð. Með mál út af slíkum brotum skal farið sem almenn lögreglumál.

9. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Nefndin flytur frv. þetta að beiðni stjórnar Búnaðarfélags Íslands. Einstakir nefndarmenn áskilja sér rétt til að flytja eða fylgja breytingartillögum, ef fram kunna að koma.

Frv. fylgdu svofelldar athugasemdir við einstakar greinar þess:

Um 1. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að atvinnumálaráðuneytið hafi samráð við Búnaðarfélag Íslands um útflutning hrossa, þar sem reyndin hefur verið sú, að hrossaræktarráðunautur Búnaðarfélags Íslands hefur undanfarin ár haft forgöngu um hrossaútflutning og öflun markaða, enda er það sérstaklega tekið fram í starfssamningi hans. Þykir því eðlilegt, að þessi skipun mála, sem tíðkæpt hefur undanfarin ár, verði lögfest.

Um 2. gr.

Hér er gert ráð fyrir svipuðum ákvæðum um takmörkun á flutningi hrossa á erlendan markað að vetri til og nú gilda. Þó eru sett hér ákvæði um útflutning á kynbótagripi, er ættu að veita nægilegt aðhald, til þess að eigi verði flutt úr landi verðmæt kynbótahross, þar sem bæði þarf til þess leyfi atvinnumálaráðuneytisins og meðmæli Búnaðarfélags Íslands. Sama máli gegnir um hross yngri en 3 vetra. Talið er óhætt að rýmka nokkuð um hömlur á haustflutningnum á hrossum vegna bættis skipakosts síðari ára.

Um 3. og 4. gr.

Nú eru dýralæknar skammt frá flestum þeim höfnum á landinu, þar sem útflutningur hrossa kemur helst til greina. Er því óþarfi að velja aðra menn til að skoða útflutningshross en dýralækna, því að þeir verða hvort eð er að skoða hrossin til þess að geta gefið um þau heilbrigðisvottorð, en án þeirra er eigi unnt að flytja hross til útlanda, samkvæmt lagaákvæðum þeirra landa, er hér koma til greina.

Um 5. gr.

Hér er lagt til, að glaseygð hross verði ekki skilyrðislaust talin óhæf til útflutnings, ef þau eru vel gerð að öðru leyti, þar sem vitað er, að ýmsir kaupendur leggja áherzlu á að fá slík hross og sums staðar eru glaseygð hross ræktuð sérstaklega.

Um 7. gr.

Hér er gert ráð fyrir, að ný reglugerð um útflutning hrossa verði samin af þeim aðilum, er helst kunna að hafa afskipti af þessum málum. Er með því reynt að girða fyrir, að ósamkomulag skapist um fyrirkomulag útflutnings yfirleitt, en nokkur gagnrýni hefur undanfarið gert vart við sig, að því er tekur til hrossaútflutnings. Þá má og geta þess, að reglur þær, sem nú gilda, eru orðnar mjög gamlar og á ýmsan hátt úreltar.

Um 8. gr.

Vegna minnkaðs verðgildis peninga hefur þótt rétt að hækka hin gömlu sektarákvæði verulega.